

Hitaveita Dalabyggðar: mælingar á  
uppleystu súrefni og brennisteinsvetni, ágúst  
2002

**Magnús Ólafsson**

**Greinargerð MÓ-2002-08**



Verknúmer: 8-600-311

## HITAVEITA DALABYGGÐAR

### Mælingar á uppleystu súrefni og brennisteinsvetni, ágúst 2002

Að beiðni Rúnars Magnússonar verkfræðings hjá Vélaverk ehf, mældi starfsmaður Rannsóknasviðs Orkustofnunar, þann 21. ágúst síðastliðinn, uppleyst súrefni (O<sub>2</sub>) og brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S) í inntaksgrindum í nokkrum húsum í Búðardal. Einnig voru sömu efni mæld í brunni á aðveituæð við Laxárbrú, vestanmegin. Haustið 2001, nánar tiltekið þann 9. nóvember, var tekið sýni til heildarefnagreiningar úr sama brunni. Niðurstöður mælinga á súrefni og brennisteinsvetni eru sýndar í töflu 1.

**Tafla 1.** *Uppleyst súrefni og brennisteinsvetni (mg/l).*

Staður	Númer	O <sub>2</sub>	H <sub>2</sub> S	Hiti (°C)
Lækjarhvamur 6	2002-0207	0	0,73	
Búðarbraut 6	2002-0208	0	0,72	
Stjórnsýsluhús	2002-0209	0	0,81	
Brunnur v/Laxá	2002-0210	0	0,90	68
Brunnur v/Laxá	2001-0363	0	0,91	68,9

Niðurstöður í töflu 1 sýna að ekkert uppleyst súrefni mældist í inntaksgrindum né í aðveitulögn. Í töflunni sést einnig að talsvert brennisteinsvetni mældist á öllum stöðunum. Mælingar sýna jafnframt að brennisteinsvetni lækkar frá aðveitulögn við Laxá í inntaksgrindur og er líklegt að það stafi af upptöku súrefnis í plaströrum í dreifikerfinu í Búðardal. Lækkunin er áberandi meiri í Lækjarhvammi 6 og Búðarbraut 6 en í Stjórnsýsluhúsi og stafar það af minni notkun, minna rennsli, á fyrrnefndu stöðunum.

Þar sem brennisteinsvetnið er þeirrar náttúru að eyða súrefni úr vatninu þá verður að líta á það sem hið besta mál að hafa það til staðar og því ekkert því til fyrirstöðu að taka heita vatnið beint inn á húskerfi, alla vega hjá stórum notendum. Reyndar hefur efnasamsetning heita vatnsins ekki verið skoðuð t.d. með tilliti til útfellingahættu, og lagt er til að svo verði gert.

---

 Magnús Ólafsson